

Hafrannsóknir nr. 149

**Hita-, seltu- og straummælingar
í Botnsvogi, Hvalfirði
1973**

*Temperature, salinity and current measurements
in Botnsvogur, Hvalfjörður
in 1973*

Svend-Aage Malmberg og Jóhannes Briem
Hafrannsóknastofnunin
Marine Research Institute

Reykjavík 2010

Efnisyfirlit

ÁGRIP	5
ABSTRACT	5
INNGANGUR.....	7
AÐFERÐIR OG EFNIVÍÐUR.....	7
NÍÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA.....	7
ÞAKKIR.....	9
HEIMILDIR/REFERENCES	9

ÁGRIP

Svend-Aage Malmberg og Jóhannes Briem 2008. Hita-, seltu- og straummælingar í Botnsvogi, Hvalfirði 1973. Hafrannsóknir nr.149

Árið 1973 voru mæld hiti, selta og straumar í Botnsvogi innst í Hvalfirði að beiðni Vegagerðar ríkisins vegna áætlaðs vegar og brúar yfir mynni vogsins. Niðurstöður sýndu að hlutfall salta sjávarins utan úr Hvalfirði og Faxaflóa, og ferskvatns af landi í Botnsvogi voru 80-90 hlutar á móti 10-20 hlutum. Mælingarnar sýndu seltu á bilinu 25-33 einingar í voginum, en fyrirhuguð vegar- og brúargerð mundi lækka seltuna vegna minni vatnsskipta í 21-26 einingar eða um 19-22%.

ABSTRACT

Svend-Aage Malmberg and Jóhannes Briem 2008. Temperature, salinity and current measurements in Botnsvogur, Hvalfjörður in 1973. Marine Research 149.

In 1973 investigations on temperature, salinity and currents were carried out in the innermost part of Hvalfjörður or in Botnsvogur, West Iceland. The purpose was linked to a possible highway with a bridge across the outer part of the inlet of Botnsvogur.

1. Seasonal variations of surface temperatures were from 1°C in March to 13°C in July/August. At near-bottom they were from 1°C-13°C in the most shallow part but to 8-9°C deeper.
2. Seasonal salinity variations were rather small or 31-34 PSU except in the inner part of the inlet where they were 25-33 PSU.
3. The influence of the saline water from outside the fjord was observed all the way into Botnsvogur where its proportions was 80-90%.
4. The vertical stratification in Botnsvogur was three layered, a fresh surface layer, a saline bottom layer and a mixture of both in an intermediate layer.
5. Current velocities were from less than 5 cm s⁻¹ up to 20-30 cm s⁻¹. Tidal currents were overwhelming with no difference in strength between in- and outflow or flood- and ebbstream nor its length in time. The timing of the transition between flood and ebb was at the same time as high and low water along the shores in the Faxaflói-area (Reykjavík).
6. The tidal circulation followed the shorelines and bottom topography.
7. The measurements resulted in an estimated decrease in water exchange and lowering in salinity of about 20% in the inner part of the inlet Botnsvogur by the planned highway.

Inngangur

Athuganir á hitastigi, seltu og straumum voru gerðar í Botnsvogi innst í Hvalfirði á árinu 1973. Athuganirnar voru gerðar að beiðni Vegagerðar ríkisins. Líffræðistofnun Háskóla Íslands sá um líffræðihluta verkisins (Agnar Ingólfsson og Svend-Aage Malmberg 1974). Rannsóknirnar tóku mið af vegarlagningu yfir mynni vogsins með brúarstæði eða rás fyrir vatnsskipti inn og út voginn.

Hvalfjörður er tiltölulega langur fjörður við innanverðan Faxaflóa (1. mynd). Lengd hans er um 30 km og breidd um 2 km. Dýpi er all breytilegt og mest 84 m inni í firðinum utanverðum (2. mynd). Í aðalatriðum skiptist botn Hvalfjarðar í þrjár mismunandi sléttur, sem eru aðskildar með tveimur djúpum, öðru 84 m djúpu eins og áður sagði og hinu um 40 m djúpu innar í firðinum (Stefán S. Kristmannsson, 1983). Greina má þröskuld framan við fremra djúpið á um 30 m dýpi. Sjórinn í Hvalfirði er kominn utan úr Faxaflóa, en flóann má líta á sem ósasvæði, þar sem ferskvatn hans blandast Atlantsjó, og mun endurnýjunartími ferskvatnsins í flóanum vera um 100 dagar (Unnsteinn Stefánsson og Guðmundur Guðmundsson, 1978). Ferskvatnið í Hvalfirði kemur um fjórar aðalár. Þær eru Botnsá í Botnsvogi og Brynjudalsá í Brynjudalsvogi, og eru báðir vogarnir við botn Hvalfjarðar (1. mynd). Heildarmeðalrennsli þarna mun vera um $26 \text{ m}^3 \text{ s}^{-1}$. Síðan koma Fossá og svo Laxá um miðjan Hvalfjörð að sunnanverðu, sú síðari með meðalrennsli um $12 \text{ m}^3 \text{ s}^{-1}$. Við mynni Hvalfjarðar hefur samanlagt rennsli ferskvatns til fjarðar náð $48 \text{ m}^3 \text{ s}^{-1}$. Sveiflur ferskvatnsrennslis eru einhverjar, en þrjár umræddar ár falla úr stöðuvötnum og þau draga úr árstíðabreytingum á rennslinu. Rannsóknir Stefáns S. Kristmannssonar (1983) sýna að sjór í Hvalfirði er meira eða minna uppblandaður í heild árið um kring og að endurnýjunartími ferskvatnshluta Hvalfjarðarsjávarins í heild sé 2-3 vikur að meðaltali miðað við mælingar Hafrannsóknastofnunarinnar frá 1947-1978. Þessi tími (T) fæst með upplýsingum um meðalferskvatnsmagn (m^3) deilt með meðalferskvatnsaðflutningi á tímaeiningu ($\text{m}^3 \text{ s}^{-1} \text{ T} = \text{m}^3 / \text{m}^3 \text{ s}^{-1}$).

Aðferðir og efniviður

Athuganir fóru fram í mars, maí, júlí og nóvember 1973. Þær voru gerðar á björgunarbát Slysavarnafélags Íslands, „Gísla J. Johnsen“. Dýpi og athugunarstaðir mælinga eru sýnd á 3.-4. mynd. Sniðmælingar eru beinar straummælingar, prófilmælingar, frá rannsóknabát við festar, framkvæmdar frá borði á mismunandi dýpi og á mismunandi stöðum í stuttan tíma hverju sinni (mínútur). Mælt var með RFB straummæli sem mælir hraða og stefnu straums til skiptis. Mælingarnar voru gerðar á 2 - 3 sniðum þvert yfir mælislóðina. Leitast var við að þær tækju sem stystan tíma með tilliti til sjávarfalla (aðfall og útfall). Jafnframt var mælt á sama hátt á nokkrum völdum föstum stöðum í allt að 12 stundir samfleytt til nánari könnunar á fallaskiptum með tilliti til flóðs og fjöru.

Hita- og seltumælingar voru gerðar að mestu á sömu sniðum (3 - 4 snið) yfir Botnsvog og mynni hans og prófilmælingarnar. Þessar athuganir voru gerðar með svonefndum vendimælum og sjótökum til sýnatöku á nokkrum dýpum frá yfirborði til botns. Einnig hér var leitast við að hraða yfirferð. Sjósýnin voru seltugreind á rannsóknastofu með leiðnimælingum. Eins og sést á dýptarkorti (3. mynd) þá er dýpi á athugunarslóð í Botnsvogi miðað við meðalstórstraumsfjöru innan við 2,5 faðmar eða tæplega 5 m og við minni vogsins er dýpi um 5,5 faðmar eða um 10 m. Á flóði bætast svo við um 3-4 metrar við dýpið. Slíkir staðir gefa sjaldan tilefni til athugana á mörgum dýpum með sjótökum og vendimælum, og verður hér á eftir að mestu aðeins gerð grein fyrir mælingum við yfirborð og botn (5.-10. mynd) Í mars og nóvember var aðeins mælt í einni yfirferð vegna veðurs, en í maí og júlí tókust tvær yfirferðir á mismunandi sjávarfallaferlum. Hér á eftir verður fyrst greint frá niðurstöðum hita- og seltumælinga, en síðan straummælinga.

Niðurstöður og umræða

A) Hita- og seltumælingar í Botnsvogi 1973

Við yfirborð var hitastig um 1°C í mars (5. mynd), 8°C í maí (6. og 7. mynd), $13,5^\circ\text{C}$ í júlí (8. og 9. mynd) og 2°C í nóvember (10. mynd). Oftast var hitastig innst eða grunnt í voginum um 1°C hærra en utar nema í nóvember. Árssveifla hitastigs í yfirborði var áþekkt

niðurstöðum frá mælingum 1990 í Hvammsvík, og við Fossá og Bjarneyjarsand 1997, staðir sem eru skammt undan mynni Botnsvogar, eða sem svarar 13°C (Stefán S. Kristmannsson, 1991 og Agnes Eydal, 2000, 2003). Þessar mælingar sýna reyndar hæsta hitastig í byrjun ágúst, en sumarmælingarnar í Botnsvogi 1973 voru gerðar 19. júlí.

Við botn var hitastigið í Botnsvogi 1973 1,5-2°C í mars (5. mynd), í maí var það 7°C innst í voginum og 5°C utar (6. og 7. mynd), í júlí 13°C innst og 8-9°C utar í voginum (8. og 9. mynd) og í nóvember 2,5-3°C (10. mynd). Vetrarmælingar við botn sýndu 0,5°C herra hitastig utanvert í voginum en innar, og sumarmælingar aftur 2,5-5°C herra hitastig innst en utar. Þessar niðurstöður eru í samræmi við aðstæður við landið yfirleitt, þ.e. kæling grunnt við land er mikil á veturna og upphitun aftur meiri á sumrin ekki síst þar sem er grunnt. Seltan var almennt hærri utar (31-33,8) en innar (25-33,5) í voginum, sem er einnig í samræmi við dýpi og aðgengi salta sjávarins að utan eða ferskvatnsrennslis úr ánum. Mestur er munurinn bæði fyrir hita (allt að 5°C við botn) og seltu (allt að 9 sel-tueiningar) í júlí þegar áhrif afrennslis og upphitunar eru hvað mest. Á veturna (mars og nóvember) er jöfnuðurinn meiri þegar blöndun af völdum kulda og vinda er eins og vænta má mikil. Árssveifla seltu var þó almennt fremur lítil (31-34 einingar) nema í innsta hluta Botnsvogar (25-33 einingar). Þetta sýnir m.a. að ferskvatnsstreymi í fjörðinn er hlutfallslega lítið. Í voginum reiknast hlutföllin milli þeirra vera 10-20% ferskvatnsáhrif á móti 80-90% áhrifum salta sjávarins að utan. Ferska vatnið frá Botnsá leggst aðallega út með norðurlandinu, en áhrif Brynjudalsár gætir einnig að sunnanverðu. Er það almennt í samræmi við dreifingarferla í flóum, fjörðum og víkum á Íslandsströndum, þ.e. inn og útstreymi með land á hægri hönd í samræmi við almennt réttshæis straumakerfið umhverfis landið (svigkraftur og eðlismassastraumur). Salti sjórinn að utan þrengr sér svo á milli og undir ferskvatnsstraumana eftir mesta dýpinu. Tekið skal fram að salti sjórinn á mælislóðinni hefur orðið fyrir íblöndun afrennslis frá landi á langri leið sinni utan úr Faxaflóa inn um Hvalfjörð. Seltan á athugunarsvæðinu 1973 mældist þannig hæst nærri 34 einingum en oftast mest nær 33 einingum. Utar í Hvalfirði eru gildin 34,5 algeng (Stefán S. Kristmannsson, 1983) Þó verður að telja seltuna á athugunarsvæðinu í Botnsvogi vera

tiltölulega háa, sem sýnir blöndun við sjóinn að utan inn allan Hvalfjörð. Allt er þetta enn í góðu samræmi við niðurstöður aðeins utan við mynni Botnsvogar frá 1997 (Agnes Eydal, 2000, 2003).

Lóðrétt snið hita og seltu eftir endilangri mælislóðinni miðri í hinum árstímabundnu athugunum í Botnsvogi 1973 eru sýnd á 11. mynd, a, b. Sumarathuganirnar ná yfir tvær umferðir, aðfall og útfall, en vetrarathuganirnar eru aðeins ein umferð hverju sinni, í mars á útfalli og í nóvember á aðfalli. Athuganirnar sýna greinilegan mun sumars og veturs annars vegar og aðfalls og útfalls hins vegar með mismunandi blöndun og lagskiptingu. Þannig sýna athuganirnar greinilega ferskt 2-3 m djúpt yfirborðslag á útfalli og fjöru að sumri. Dýpra er svo salti sjórinn að utan sem virðist auka botnlæga seltu en lækka hitastigið á útfalli. Þetta bendir til innstreymis við botn til móts við aukið útstreymi við yfirborð.

B) Straummælingar í Botnsvogi 1973

Beinar strauummælingar (próffilmælingar) voru gerðar á 2-3 sniðum þvert yfir Botnsvog og úti fyrir mynni hans, nær þeim sömu og hita- og seltumælingarnar. Í mars (4. mynd) var mælt á tveimur sniðum, 15 stöðvar alls (12.-14. mynd), í maí og júlí (4. mynd) á þremur sniðum, 23-24 stöðvar í hvert sinn (15.-22. mynd), og í nóvember (4. mynd) á tveimur sniðum, 15 stöðvar alls (23.-25. mynd). Mælingarnar voru gerðar bæði á aðfalli eða flóði og útfalli eða fjöru. Niðurstöður sýndu yfirleitt straum með landi með innstreymi á aðfalli og útstreymi á útfalli. Straumskiptin – liggjandinn – voru í takt við flóð og fjöru við strendur Faxaflóa (Reykjavík). Kemur það vel í ljós á endurteknum mælingum í yfirborðslögum á sama stað og dýpi í nokkurn tíma, oftast í 12 stundir (26.-28. mynd). Dýpstu mælistaðirnir eftir miðju Botnsvogar voru valdir til þessarar könnunar. Myndirnar sýna ofanvarp straumvektors á austur-vestur og norður-suður ásanna, þar sem austur og norður eru póstív og vestur og suður negatív. Staðirnir eru 2 og 8 í mars (26. mynd), 2, 5, 8 og 9 í maí (27. mynd) og 9, 2, 2 og 5 í júlí (28. mynd). Engin slík mæling var gerð í nóvember. Þessar strauummælingar sýndu ekki neinn áþreifanlegan mun á styrk aðfalls og útfalls né heldur á tímalengd þeirra. Í heild var straumhraði í Botnsvogi 1973 á bilinu innan við 5 cm s⁻¹ upp í 20-30 cm s⁻¹, en tíðast var hann um 10 cm s⁻¹. Á dýpstu stöðunum (2, 5, 8 og 9) voru stefnur og styrkur

straums tíðum breytileg á mismunandi mældýpi, þannig að í kringum 4-8 m dýpi gætti lágmarks í styrk og jafnvel andstreymis miðað við yfirborðsstraum og einnig botnstraum. Gæti það verið í samræmi við hringrás í lagskiptum firði (Pickard 1966). Í efri lögum Botnsvogs ken-
nir útstreymis seltulítils og léttis afrennslisvatns, við botn aftur innstreymis seltumeiri og þyngri sjávar utan úr firði og hafi, en í efri hluta þessa sjávar togast hann aftur út með útstreymi ferska yfirborðslagsins. Einnig voru dæmi þess í mælingunum í Botnsvogi 1973 að botnstraumar væru andstæðir straumi ofar, m.a. á útfalli með innsteymi dýpra. Er það í samræmi við niðurstöður sem getið var um í kaflanum um hita- og seltumælingarnar. Þannig má skriðþungi salta og þunga sjávarins að utan sín mikils sem eðlismassastraumur gegn fallstrauminum. Stundum gætir einnig á aðfalli innstreymis í efri lögum og útstreymis dýpra til mótvægis.

C) Umræða

Helstu niðurstöður mælinga í Botnsvogi, Hvalfirði, 1973 eru eftirfarandi:

Árssveifla hitastigs í yfirborði var frá 1°C í mars til 13°C í júlí-ágúst. Við botn var árssveiflan frá 1,5°C til 13°C innst í voginum en að 8-9 °C utar. Árssveifla seltu var fremur lítil eða á bilinu 31-34 einingar nema innst í voginum, þar var hún á bilinu 25-33 einingar.

Áhrifa selturíka sjávarins utan úr Hvalfirði og Faxaflóa gætti þannig allt inn á Botnsvog, þar sem hlutfall hans var 80-90% á móti 10-20% ferskvatni af landi.

Lagskipting í voginum var þríþætt; ferskt vatnið af landi í yfirborðslagi, saltur sjór utan úr firði við botn, og millilag blöndunar hinna tveggja.

Straumhraði var á bilinu innan við 5 cm s⁻¹ upp í 20-30 cm s⁻¹. Fallsstraumar virtust oftast vera allsráðandi og var ekki neinn munur á styrk aðfalls og útfalls né tímalengd. Liggjandinn var á sama tíma og flóð og fjara við land í Faxaflóa (Reykjavík).

Að lokum, hugsanleg áhrif vegarstæðis og brúar yfir mynni Botnsvogs innan vegarstæðis voru minnkun á seltu um 19-22%, sem þýddi fall frá 27-32 í 21-26 seltueiningar. Þessar áætluðu niðurstöður eru byggðar á hlutfalli seltu við yfirborð og botn (28/34 til 30/33) og hlutfalli lengdar brúarstæðis (60 m) og heildarlengdar vegarstæðis (740 m) yfir Botnsvog. Þá er


þverskurður á dýpsta hluta sniðs yfir voginn við brúarstæði áætlaður um 1/3 af heildar þverskurðinum. En horfið var frá þessum framkvæmdum við mynni Botnsvogs og vegarstæðið fært innar í voginn.

Þakkir

Þátttakendur og mælingamenn á vettvangi voru auk höfunda, skipstjórnarmennirnir Ásgrímur Björnsson, Sigurður Guðmarsson, Valgarður Þórhallsson og Gunnar Hilmarsson, og Stefán S. Kristmannsson, haffræðingur og Helgi Guðmundsson rannsóknamaður. Við úrvinnslu gagna unnu rannsóknamennirnir, Sigþrúður Jónsdóttir og Guðjón Haraldsson, lækni. Öllum þessum aðilum ber að þakka fyrir þeirra framlag. Að lokum skal þakkað Eiríki Þ. Eiríkssyni, bókaverði og riturunum Eyðísi O. L. Cartwright og Sigurborgu Jóhannsdóttur, fyrir frágang á verkinu sem og ritrýnum fyrir þarfar ábendingar.


Heimildir/References

- Agnar Ingólfsson og Svend-Aage Malmberg 1974. Vistfræðilegar rannsóknir í Hvalfirði, Borgarfirði og Hvammsfirði. Yfirlitsskýrsla. Líf-
fræðistofnun Háskóla Íslands og Hafrann-
sóknastofnunin.
- Agnes Eydal 2000. Áhrif næringarefna á tegun-
dasamsetningu og fjölda svifþörunga í Hval-
firði. Meistaraprófsverkefni, Háskóli Íslands
og 2003 Hafrannsóknastofnunin, *Fjölrit 99*:
33. bls. og viðauki.
- Pickard, G.L. 1966. Descriptive Physical Oceanography. An Introduction: 181 – 187.
- Stefán S. Kristmannsson 1983. Hitastig, selta og vatns-og seltubúskapur í Hvalfirði 1947-1978. *Hafrannsóknastofnun. Fjölrit nr. 9*: 26 s.
- Stefán S Kristmannsson 1991. Sjávarhitamælingar við strendur Íslands 1989-1990. *Hafrann-
sóknastofnun. Fjölrit nr. 24*: 105 s.
- Unnsteinn Stefánsson og Guðmundur Guðmundsson 1978. The fresh water regime of Faxaflói, southwest Iceland, and its relationship to meteorological variables. *Estuarine and Coastal Marine Science*, 6: 535-551.



1. mynd. Hvalfjörður, lega hans og ár sem í hann falla. Botnsá fellur í Botnsvog (Stefán S. Kristmannsson, 1983). Athugunarsvæði 1973 er afmarkað innst í Hvalfirði.

Figure 1. Hvalfjörður, location and rivers. Botnsvogur is the innermost inlet.




2. mynd Dýptarferill eftir endilöngum Hvalfirði (Stefán S. Kristmannsson, 1983).

Figure 2. Depth profile along Hvalfjörður.



3. mynd. Botnlögun og dýpi í föðmum í Botnsvogi og utan mynnis hans (Stefán S. Kristmannsson, 1983).

Figure 3. Bottom topography and depth contours in fathoms in the area of Botnsvogur.




Mynd 4. Stöðvakort frá mars, maí, júlí og nóvember 1973.

- : Straummælingar - prófilmælingar
- : hita- og seltumælingar


Figure 4. Locations of stations in March, May, July and November 1973.

- : Current measurements;
- : temperature and salinity observations.




5. mynd. Hitastig og selta í 0 m og við botn á aðfalli í mars 1973.

Figure 5. Temperature and salinity at 0 m and near-bottom during flood tide in March 1973.




6. mynd. Hitastig og selta í 0 m og við botn á aðfalli í maí 1973.

Figure 6. Temperature and salinity at 0 m and near-bottom during flood tide in May 1973.




7. mynd Hitastig og selta í 0 m og við botn á útfalli í maí 1973.

Figure 7. Temperature and salinity at 0 m and near-bottom during ebb tide in May 1973.




8. mynd. Hitastig og selta í 0 m og við botn á útfalli í júlí 1973.

Figure 8. Temperature and salinity at 0 m and near-bottom during ebb tide in July 1973.




9. mynd. Hitastig og selta í 0 m og við botn á aðfalli í júlí 1973.

Figure 9. Temperature and salinity at 0 m and near-bottom during flood tide in July 1973




10. mynd. Hitastig og selta í 0 m og við botn á útfalli í nóvember 1973.

Figure 10. Temperature and salinity at 0 m and near-bottom during ebb tide in November 1973.




11. mynd. Hitastig a og selta b á sniði á dýpstu slóðum eftir endilöngum Botnsvogi í mars (útfall), maí (aðfall og útfall), júlí (útfall og aðfall) og nóvember (aðfall og flóð) 1973.

Figure 11. Temperature a and salinity b at a section along the deepest parts of Botnsvogi in March (ebb tide), May (flood and ebb tides), July (ebb and flood tides) and November (flood tide) 1973.




Mynd 12 a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 1, 2 og 3 á aðfalli í mars 1973.

Figure 12 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 1, 2, and 3 during flood tide in March 1973.




12. mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 4 og 5 á aðfalli í mars 1973

Figure 12 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 4 and 5 during flood tide in March 1973.




13. mynd a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 6, 7 og 1 á útfalli í mars 1973.

Figure 13 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 6, 7 and 1 during ebb tide in March 1973.




13. mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 2, 3 og 4 á útfalli í mars 1973.

Figure 13 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 2, 3 and 4 during ebb tide in March 1973.




14 mynd a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 5 og 6 á útfalli í mars 1973.

Figure 14 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 5 and 6 during ebb tide in March 1973.




14. mynd b. Straumprófiðlar, hraði og stefna á stöðvum 7 og 5 á útfalli/aðfalli í mars 1973.

Figure 14 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 7 and 5 during ebb/flood tides in March 1973.




15. mynd a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 1, 2 og 3 á útfalli í maí 1973.

Figure 15 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 1, 2 and 3 during ebb tide in May 1973.




15. mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 4, 5 og 6 á útfalli í maí 1973.

Figure 15 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 4, 5 and 6 during ebb tide in May 1973.




16 mynd a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 7, 8 og 9 á útfalli/aðfalli í maí 1973.

Figure 16 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 7, 8 and 9 during ebb/flood tides in May 1973.




16 mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 10, 11 og 4 á aðfalli í maí 1973.

Figure 16 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 10, 11 and 4 during flood tide in May 1973.




17 mynd a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 5, 6 og 7 á að aðfalli í maí 1973.

Figure 17 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 5, 6 and 7 during flood tide in May 1973.




17. mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 9, 10 og 11 á útfalli í maí 1973.

Figure 17 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 9, 10 and 11 during ebb tide in May 1973.




18. mynd a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 4, 5 og 6 á aðfalli/útfalli í maí 1973.

Figure 18 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 4, 5 and 6 during flood/ebb tides in May 1973.




18. mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 7, 1 og 3 á aðfalli/útfalli í maí 1973.

Figure 18 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 7, 1 og 3 during flood/ebb tides in May 1973.




19 mynd a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 8, 10 og 11 á útfalli í júlí 1973.

Figure 19 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 8, 10 and 11 during ebb tide in July 1973.




19 mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 9, 1 og 2 á útfalli í júlí 1973.

Figure 19 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 9, 1 and 2 during ebb tide in July 1973.




20. mynd a. Straumprófiðlar, hraði og stefna á stöðvum 2, 3 og 4 á útfalli í júlí 1973.

Figure 20 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 2, 3 and 4 during ebb tide in July 1973.




20. mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 5, 6 og 7 á útfalli í júlí 1973.

Figure 20 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 5, 6 and 7 during ebb tide in July 1973.




21. mynd a. Straumprófiðlar, hraði og stefna á stöðvum 1, 2 og 3 á aðfalli í júlí 1973.

Figure 21 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 1, 2 and 3 during flood tide in July 1973.




21. mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 4 og 5 á aðfalli í júlí 1973.

Figure 21 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 4 and 5 during flood tide in July 1973.




22. mynd a. Straumprófiðlar, hraði og stefna á stöðvum 6, 7 og 1 á aðfalli/útfalli í júlí 1973.

Figure 22 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 6, 7 and 1 during flood/ebb tides in July 1973.




22. mynd b. Straumprófiðlar, hraði og stefna á stöðvum 2 og 3 á útfalli í júlí 1973.

Figure 22 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 2 and 3 during ebb tide in July 1973.




23. mynd a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 1, 2 og 3 á útfalli í nóvember 1973.

Figure 23 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 1, 2 and 3 during ebb tide in November 1973.




23. mynd b. Straumprófiðlar, hraði og stefna á stöðvum 4 og 5 á útfalli í nóvember 1973.

Figure 23 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 4 and 5 during ebb tide in November 1973.




24. mynd a. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 6, 7, 2 og 1 á útfalli/aðfalli í nóvember 1973.

Figure 24 a. Current profiles, velocity and direction, at stations 6, 7, 2 and 1 during ebb/flood tides in November 1973.




24. mynd b. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 2, 3 og 4 á aðfalli í nóvember 1973.

Figure 24 b. Current profiles, velocity and direction, at stations 2, 3 and 4 during flood tide in November 1973.



25. mynd. Straumprófilar, hraði og stefna á stöðvum 5, 6 og 7 á aðfalli í nóvember 1973.

Figure 25. Current profiles, velocity and direction, at stations 5, 6 and 7 during flood tide in November 1973.






26. mynd. Tímasería straummælinga á stöðvum 2 (8m) og 8 (2m) í mars. 1973. Austur-vestur þáttur heildregin lína og norður-suður þáttur punkta lína. Staðsetning stöðva sjá 4. mynd.

Figure 26. Time series of current measurements at stations 2 (8m) and 8 (2m) in March in 1973. E-W component heavy line, N-S component dotted line. Location of stations see figure 4.

27. mynd. Tímasería straummælinga á stöðvum 2 (6m), 5 (2m), 8 (3m), 2 (4m) og 9 (4m) í maí 1973. Austur-vestur þáttur heildregin lína og norður-suður þáttur punkta lína. Staðsetning stöðva sjá 4. mynd.

Figure 27. Time series of current measurements at stations 2 (6m), 5 (2m), 8 (3m), 2 (4m) and 9 (4m) in May 1973. E-W component heavy line, N-S component dotted line. Location of stations see figure 4.





28. mynd. Tímasería straummælinga á stöðvum 9 (4m), 2 (4m), 2 (4m) og 5 (4m) í júlí 1973. Austur-vestur þáttur heildregin lína og norður-suður þáttur punkta lína. Staðsetning stöðva sjá 4. mynd.

Figure 28. Time series of current measurements at stations 9 (4m), 2 (4m), 2 (4m) and 5 (4m) in July 1973. E-W component heavy line, N-S component dotted line. Location of stations see figure 4.

Hafrannsóknir – var Fjölrít

Marine Research

Þessi listi ásamt öllum texta fjölrítanna er nú aðgengilegur á netinu:
This list with full text of all the reports is now available on the Internet:

<http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolar.htm>

1. **Kjartan Thors, Þórdís Ólafsdóttir:** Skýrsla um leit að byggingarefnum í sjó við Austfirði sumarið 1975. Reykjavík 1975. 62 s. (Ófáanlegt - Out of print).
2. **Kjartan Thors:** Skýrsla um rannsóknir hafsbotsins í sunnanverðum Faxaflóa sumarið 1975. Reykjavík 1977. 24 s.
3. **Karl Gunnarsson, Konráð Þórisson:** Áhrif skolpmengunar á fjöruþörungum í nágrenni Reykjavíkur. Reykjavík 1977. 19 s. (Ófáanlegt - Out of print).
4. **Einar Jónsson:** Meingunarrannsóknir í Skerjafirði. Áhrif frárennslis á botndýralíf. Reykjavík 1976. 26 s. (Ófáanlegt - Out of print).
5. **Karl Gunnarsson, Konráð Þórisson:** Stórþari á Breiðafirði. Reykjavík 1979. 53 s.
6. **Karl Gunnarsson:** Rannsóknir á hrossaþara (*Laminaria digitata*) á Breiðafirði. 1. Hrossaþari við Fagurey. Reykjavík 1980. 17 s. (Ófáanlegt - Out of print).
7. **Einar Jónsson:** Líffræðiathuganir á beitusmökk haustið 1979. Áfangaskýrsla. Reykjavík 1980. 22 s. (Ófáanlegt - Out of print).
8. **Kjartan Thors:** Botngerð á nokkrum hrygningarstöðvum síldarinnar. Reykjavík 1981. 25 s. (Ófáanlegt - Out of print).
9. **Stefán S. Kristmannsson:** Hitastig, selta og vatns- og seltubúskapur í Hvalfirði 1947-1978. Reykjavík 1983. 27 s.
10. **Jón Ólafsson:** Þungmálmur í kræklingi við Suðvestur-land. Reykjavík 1983. 50 s.
11. Nyttjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1987. Aflahorfur 1988. *State of Marine Stocks and Environmental Conditions in Icelandic Waters 1987. Fishing Prospects 1988.* Reykjavík 1987. 68 s. (Ófáanlegt - Out of print).
12. Haf- og fiskirannsóknir 1988-1992. Reykjavík 1988. 17 s. (Ófáanlegt - Out of print).
13. **Ólafur K. Pálsson, Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Gunnar Jónsson, Gunnar Stefánsson, Sigfús A. Schopka:** Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum. Reykjavík 1988. 76 s. (Ófáanlegt - Out of print).
14. Nyttjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1988. Aflahorfur 1989. *State of Marine Stocks and Environmental Conditions in Icelandic Waters 1988. Fishing Prospects 1989.* Reykjavík 1988. 126 s.
15. Ástand humar- og rækjustofna 1988. Aflahorfur 1989. Reykjavík 1988. 16 s.
